

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent rafrænt á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 9. júní 2022.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað).
Þingskjal 838 - 596. mál. Lagt fram á 152. löggjafarþingi 2021–2022.

FRÆ - Fræðsla og forvarnir leggst gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Ein mikilvægasta aðgerðin til að draga úr skaðlegum áhrifum og vandamálum tengdum áfengisdrykkju er að takmarka aðgengi að áfengi. Það er meðal annars gert með sölufyrirkomulagi áfengis. Frumvarpið felur í sér aukið aðgengi að áfengi með fjölgun sölustaða og opnar á aukna markaðsvæðingu áfengis með því að brugghús geti boðið upp á skipuleggja kynnisferðir um framleiðslustað þar sem afurðir eru kynntar, gestum boðið að smakka þær, kaupa til drykkju á staðnum eða til þess að taka með sér af staðnum.

Í frumvarpinu og greinargerðinni með því er hvergi vikið að þeim miklu áhrifum og vanda sem áfengisdrykkja veldur einstaklingum og samfélögum og kemur skýrt fram í [Framkvæmdaáætlun](#) WHO (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar) um áfengismál (The WHO Alcohol Action Plan) sem samþykkt var á 75. þingi stofnunarinnar 27. maí síðastliðinn þar sem segir meðal annars á síðu 2: **The overall public health and social burden attributable to alcohol consumption is unacceptably high** og á síðu 3: **The health and social burden attributable to alcohol consumption is largely preventable. Historically, in recognition of the intoxicating, toxic and dependence-producing properties of alcohol, there have always been attempts to regulate production, distribution and consumption of alcoholic beverages. The protection of the health of populations by preventing and reducing the harmful use of alcohol is a public health priority and should be a focus of alcohol policies and alcohol control measures implemented at different levels.**

Í ljósi þessa leggur WHO áherslu á að markvisst sé unnið að því að draga úr áfengisdrykkju og setur fram það markmið að aðildarríkin stefni að því að árið 2030 verði áfengisdrykkja orðin 20% minni (meðal íbúa 15 ára og eldri) en hún var árið 2010. Meðal leiða sem stofnunin leggur áherslu á að séu gagnreyndar og skili árangri eru, auk takmarkana á aðgengi að áfengi, takmarkanir á auglýsingum og hvers kyns kynningu á áfengi (sjá síðu 15).

Frumvarpið gengur auk þess alfarið gegn þeim afdráttarlausu tilmælum til aðildarríkjanna sem sett eru fram í áætluninni, meðal annars í lið 3 á síðu 16 þar sem segir að aðildarríkin skuli: **Tryggja að þróun, innleiðing og mat á aðgerðum í áfengismálum byggi á lýðheilsu- og bestu fyrirliggjandi gögnum og séu vernduð gegn afskiptum viðskiptahagsmuna.** (þýð. FRÆ)

Þekking í þágu forvarna

Þvert á móti er í greinargerðinni með frumvarpinu einungis vísað til fjárhagslegra hagsmuna en fullyrt í greinargerð með því, án tilvísana í forsendur, að sala á framleiðslustað muni ekki hafa veruleg samfélagsleg áhrif enda ekki um veigamikla breytingu á gildandi fyrirkomulagi að ræða. Frumvarpinu sé ekki ætlað að stuðla að aukinni áfengisdrykkju heldur einungis að gera brugghúsum kleift að selja sína vöru til neytenda í ákveðnum tilvikum en með skýrum takmörkunum. Og sé „...því ekki ástæða til að ætla að áfengisneysla, og sá vandi sem henni kann að fylgja og sem kann að birtast með ólíkum hætti milli kynja, muni aukast verði frumvarpið að lögum.“

Í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki sé: „...gert ráð fyrir teijandi áhrifum á áfengissölu ÁTVR.“ Hér skortir einnig forsendur fyrir fullyrðingunni, enda felur þessi spá í sér annað tveggja að nánast ekkert áfengi muni seljast á hinum nýju sölustöðum áfengis eða að salan á þessum nýju stöðum verði hrein viðbót við það áfengi sem nú er selt í landinu. Verði hið síðarnefnda raunin er trúverðugleiki þeirrar staðhæfingar sem fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu að því sé: „...ekki ætlað að stuðla að aukinni neyslu“, að engu orðinn.

Núverandi sölufyrirkomulag áfengis hefur dugað vel eins og sést á því að áfengisdrykkja Íslendinga er með því minnsta sem þekkt í okkar heimshluta. Á undanförunum árum hefur einnig náðst umtalsverður árangur hér á landi í því að draga úr áfengis- og vímuefnanotkun meðal ungs fólks sem hefur dregist saman svo vakið hefur heimsathygli. Sá árangur hefur náðst með þrotlausu og víðtæku samstarfi þeirra sem sinna rannsóknum, stefnumótun og störfum í þágu barna og unglinga, sem og foreldra; árangri sem meðal annars byggir á takmörkunum á aðgengi að áfengi.

Breyting á þessari stefnu sem hefur reynst svo vel kallar á vandaðra mat/lýðheilsumat á líklegum áhrifum á heildarnotkun áfengis og áhrifum á lýðheilsu og samfélag en fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Þar er einungis sagt, án þess að vísað sé til gagna sem styðja fullyrðinguna, að ekki sé: „... talið að þessi breyting muni hafa teijandi áhrif á lýðheilsu þjóðarinnar þrátt fyrir að breytingin feli í sér fjölgun á áfengisútsölustöðum.“ Í ljósi þess að heilsufarslegur og samfélagslegur vandi vegna áfengisdrykkju er umtalsverður þarf að koma fram á hverju þessi spá er byggð. Hlutverk stjórnvalda er að gæta að áhrifum á heilsu og líðan íbúa í samfélaginu við stefnumótun og stjórnsýsluákvæðanir og byggja þær á traustri þekkingu.

Fyrir hönd Fræðslu og forvarna,



Árni Einarsson, framkvæmdastjóri

Þekking í þágu forvarna